

# Verið velkomin á eftirtalda staði



Miðdalur



Eyrarkot



Eyjar II



Miðdalur stendur í samnefndum dal milli Eyrarfjalls og Esju við veg 460. Þar er stundaður blandaður búrekstur, aðallega mjólkurframleiðsla með 28 kúm auk svoltillrar nautakjötsframleiðslu. Um 40 vetrarfóðraðar ær eru á bænum og um 30 hross, bæði í ræktun og reiðhross. Þá eru um 20 landnámsþætur á hlaðinu og auk þess íslenskir hundar og kettir. Á vorin koma grunnskólar og leikskólar í heimsókn og fá að sjá dýrin í sínu rétta umhverfi, upplifa sveitina og komast í snertingu við dýrin. Mjólkursamsalan verður með kynningu á vörum yfir daginn.

Opið frá kl. 13-17, s: 566 6834, [middalur@emax.is](mailto:middalur@emax.is)

Verið velkomin í Eyrarkot! Eyrarkot er ferðapjónustubær og þar er aðstaða fyrir tíu manns í gistingu. Þar er fjölbreytt fuglalíf á vorin og útsýni fagurt. Í Eyrarkoti var eitt sinn símstöð sveitarinnar og bera innréttingar í húsinu vitni um það. Í kringum húsið er álfa- og huldufólksbyggð sem Erla Stefánsdóttir hefur gert kort af og gestum gefst tækifæri til að skoða.

**Þorvaldur Friðriksson verður með erindi um keltneska menningu í Hvalfirði kl. 15 í hlöðunni í Eyrarkoti.**

Opið frá kl. 13-17, s: 692 3025, [begga@emax.is](mailto:begga@emax.is)

Fyrirtækið Mjólkka ehf. var stofnað í febrúar árið 2005 af fjölskyldunni að Eyjum II í Kjós og aðilum henni tengdum. Síðar gerðist Vífilfell hluthafi í fyrirtækinu. Mjólkka rekur umfangsmikla mjólkurframleiðslu á eigin búi að Eyjum II í Kjós og einnig mjólkurstöð sem sérhæfir sig í framleiðslu á ostum og öðrum mjólkurafurðum fyrir innanlandsmarkað.

Mjólkka mun kynna vörur sínar í Félagsgarði og bjóða heim að Eyjum II þar sem boðið verður uppá fjölbreytta dagskrá.

Opið verður í Eyjum II frá kl. 12-18  
bæði laugardag og sunnudag, s: 825 6502  
[olafur@mjolka.is](mailto:olafur@mjolka.is), [www.mjolka.is](http://www.mjolka.is)  
Mjólkka mun kynna nánari tilhögun síðar.



Kiðafell



Kaffi Kjós



Hjalli

Á fjósloftinu á Kiðafelli hefur verið komið fyrir fjölbreyttu safni gamalla muna í viðeigandi umhverfi. Þar má m.a. skoða gamlar búvélar, stríðsminjar, sjávar- og landbúnaðarminjar, ásamt fjölmörgu öðru sem haldið hefur verið til haga frá fyrri tímum. Allir ættu að koma auga á eitthvað áhugavert í safninu og þar eru margir hlutir sem geta komið gestum skemmtilega á óvart.

Opið frá kl. 13-17, s: 566 7051, 896 6984,  
[kidafell@emax.is](mailto:kidafell@emax.is)

Kaffi Kjós er þjónustumiðstöð staðsett í suðurhlíð Meðalfells, með góðu útsýni yfir Meðalfellsvatn, í raunverulegu sveituumhverfi þar sem margir möguleikar eru til skemmtilegrar útivistar og afþreyingar. Kaffi Kjós var opnað 1998 og hafa sömu aðilar rekið staðinn síðan. Þar er lögð áhersla á að fólk geti notið veitinga í heimilislegu andrúmslofti. Kaffi Kjós býður upp á hjólabáta og vatnabáta til leigu. Veiðileyfi í Meðalfellsvatni eru einnig seld í Kaffi Kjós. 21. júlí 2007 er frítt í veiði í Meðalfellsvatni í boði Kaffi Kjósar. Hoppukastali verður einnig við Kaffi Kjós og hægt verður að prófa hjólabáta frá kl. 14-16.

Opið frá kl. 12-20, s: 566 8099, 897 2219, [hjalli@vortex.is](mailto:hjalli@vortex.is)

Ferðapjónustan Hjalli ehf. er rekin á lögbylinu Hjalla sem varð nýbýli út úr jörðinni Eyjum I árið 1952. Árið 1980 keyptu núverandi ábúendur jörðina og höfðu til að byrja með kúabú og sauðfjárrækt. Ennþá er sauðfjárþúskapur stundaður á jörðinni ásamt ferðapjónustu.

Á Hjalla býðst gisting í 1x4 manna smáhýsi og þar er góð aðstaða fyrir hópa (2x45 manna salir). Á Hjalla er fjölskylduvænt tjaldstæði og góð aðstaða bæði fyrir hesta og menn. Allir eru velkomnir í heimsókn 21. júlí. Það verður heitt á könnunni og glaðningur fyrir börnin.

Opið frá kl. 13-17, s: 566 8099, 897 2219,  
[hjalli@vortex.is](mailto:hjalli@vortex.is)



Kjósinn er austan og sunnan Hvalfjarðar. Sýslumörk Gullbringu- og Kjósarsýslu og Borgarfjarðarsýslu eru við Botnsá sem rennur úr Hvalvatni, dýpsta vatni á Íslandi. Í henni er fossinn Glymur, hæsti foss landsins.

Kjósinn er um 300 ferkílómetrar að stærð. Landbúnaður er aðal- atvinnugrein hreppsins. Um 600 sumarhús eru í hreppnum og íbúðarhúsum fjölga ört og er sótt vinna frá þeim mörgum hverjum utan sveitar. Kiðafellsá er hreppamörk á milli Kjalarness og Kjósar.

Kjósinn er að stærstum hluta friðlýst. Steðji innan Hvammsvíkur, stundum kallaður Staupasteinn, er náttúruvætti.

Orrustuhóll við bæinn Eilífsdal og Maríuhöfn við Búðarsand eru nafntogaðir staðir frá söguöld í Kjós.

Einn frægasti draugur landsins er Írafellsmóri. Sagt er að hann hafi verið vakinn upp úr dreng sem varð úti á milli bæja. Draugurinn var sendur að Möðruvöllum til að ásækja Kort nokkurn Björnsson og sagt að hann myndi fylgja ætt hans í níu liði. Hann fylgdi svo syni hans að Írafelli þaðan sem hann ber nafn sitt.

„Hér stóð bær með burstir fjórar“ orti Loftur Guðmundsson um æskuheimili sitt, Þúfukot í Kjós, og gerði Haukur Morthens þann texta ódauðlegan með söng sínum.



## Reynivellir

Á Reynivöllum hefur verið kirkja frá landnámstíð eftir því sem best verður séð. Kirkjan sem þar er nú var reist árið 1859. Staðurinn býr yfir mikilli sögu enda alla tíð í þjóðbraut. Þar var þinghús sveitarinnar og fyrsti barnaskólinn, einnig var þar stundað fyrsta fiskeldi á Íslandi, 1884-6.

**Sóknarpresturinn, dr. Gunnar Kristjánsson, flytur fræðsluerindi um sveitina og kirkjustaðinn kl. 17.**



## Neðri-Háls

Á Neðri Hálsi hefur verið lífræn mjólkurframleiðsla í 11 ár. Ábúendur eru Kristján Oddsson og Dóra Ruf. Þau reka einnig fyrirtækið Biobú ehf. sem framleiðir lífræna jógúrt úr mjólk frá Neðri Hálsi. Framleiðslan er um 150 þúsund lítrar af mjólk á ári. Hægt er að heimsækja Neðri Háls frá kl. 14-16 en boðið verður upp á fræðslu um lífrænan landbúnað og fleira ásamt fullvinnslu lífrænna mjólkurafurða.

Opið frá kl. 14-16, s: 566 7035,  
894 9567, kristján@biobu.is,  
www.biobu.is



## Sveitamarkaður í FÉLAGSGARÐI

Í Félagsgarði, félagsheimili Ungmennafélagsins Drengs, er heimafolk með sveitamarkað og kynningu á ýmsum framleiðsluvörum. Meðal þess sem verður í boði er prjónavara, handverk, listmunir, matvæli, lifandi tónlist og margt fleira.

Kvenfélag Kjósarhrepps er með veitingasölu og ýmis afþreying og glaðningur er í boði fyrir börnin.

Opið frá kl. 13-19, s: 561 6521, steinkah@emax.is



Á útivistarsvæðinu í Hvammsvík er nú rekin blómleg ferðapjónusta og þar er að finna fjölbreytta afþreyingu fyrir alla fjölskylduna. Þar er m.a. í boði silungsveiði, golfvöllur, kajakferðir, hestar, grillveislur og margt fleira.

Auk þess að bjóða upp á stuttar kajakferðir um Hvalfjörðinn, bjóðum við upp á kajakferðir víða um land sem og kajaknámskeið. Þá er einnig rekinn í Hvammsvík innflutningur á kajökum og tengdum búnaði. Þær vörur, sem við flytjum inn, fást allar á staðnum og hægt er að prufa báta. Laugardaginn 21. júlí er frítt á golfvöllinn; 25% afsláttur á veiðileyfi; hestar verða teymdir með börnum sem það vilja og ýmis annar glaðningur verður í boði.

Opið frá kl. 13-17, s: 566 7023, info@hvammsvik.is



## Sogn

Í Sogni er framleitt nautakjöt af Galloway- og Angusstofni. Þar er jafnframt stunduð skóg- og matjurtaækt. Gestum gefst kostur á að skoða nautaeldið og gróðursælt umhverfi bæjarins.

Hægt er að fá keypt kröftug tré í Sogni og úrbeinað nautakjöt. Framleiðsluvörur úr grænmetisræktinni á Sogni fást á markaðnum í Félagsgarði.

Opið frá kl. 13-17, s: 566 2040, sogn@mmedia.is



## Hvammsvík

Á útivistarsvæðinu í Hvammsvík er nú rekin blómleg ferðapjónusta og þar er að finna fjölbreytta afþreyingu fyrir alla fjölskylduna. Þar er m.a. í boði silungsveiði, golfvöllur, kajakferðir, hestar, grillveislur og margt fleira.

Opið frá kl. 13-17, s: 566 7023, info@hvammsvik.is

## Útivistarsvæði í Kjós

Mikil og góð útivistarsvæði frá náttúrunnar hendi eru í Kjósinni. Fjörur eru aðgengilegar og Hvalfjarðareyrin er vinsæll útivistarstaður. Þá er Meðalfellsvatn vinsælt veiðivatn og geta allir fengið keypt veiðileyfi í það. Laxá og Bugða eru meðal bestu veiðiáa landsins, enda umsetnar og kræklingafjörur eru með besta móti í Hvalfirði. Í Hvammsvík er öflug þjónusta við útivistarfolk og á Hvítanesi eru áhugaverðar herminjar sem hægt er að ganga um. Á jörðinni Fossá hefur verið stunduð skógrækt um árabil og er nú frjálst aðgangur að því svæði til útiveru í frábæru umhverfi. Einnig hefur Brynjadalurinn löngum heillað til útvistar en þar er mikill skógur og Botnssúlur rismiklar í næsta nágrenni. Handan við Hríshálsinn blasir Glymur við og Hvalvatn er þar fyrir ofan. Ekki má svo gleyma gönguleiðinni um Leggjabrjót á Þingvöll sem er vinsæl gönguleið og fjölfarin.

## Kátt í KJÓSINNI

Opinn dagur laugardaginn  
21. júlí 2007 frá kl. 13.00



### SKRIFSTOFA KJÓSARHREPPS

Ásgarður Kjós | 270 Mosfellsbær  
Sími: 566 7100 / 566 7001 | Fax: 566 8571  
Netfang: kjos@kjos.is  
Veffang: www.kjos.is

Hönnun: Sögumiðlunin ehf., Borgarhóli  
Ljósmyndir: Óskar Páll Sveinsson, Bugðuósi,  
Sögumiðlunin ehf., o.fl.

Guðjónó - vistvæn prentsmíða



Laxá í Kjós er ein fengsælasta veiðiá landsins. Í henni eru fagrir fossar. Neðarlega eru Kvíslarfossar og Laxfoss, en Pokafoss og Þóruvoss ofarlega.

Vinsælar kræklingafjörur eru í Laxvogi og Hvalfirði.

Það er skýr stefna í aðalskipulagi Kjósarhrepps að halda yfirbragði sveitar, efla umhverfisvernd og aðhafast ekkert það sem spillt getur umhverfi og samfélagi.

Á stríðsárunum hafði breski herinn mikil umsvif við Hvalfjörð, margar varðstöðvar, birgðastöð og kafbátagirðingu þvert yfir fjörðinn. Víða má sjá þess nokkur merki, ekki síst í Hvítanesi. Þar innan við eru leifar af tröppum sem gerðar voru þegar Winston Churchill kom til landsins. Mannvirki hersins voru rifin að loknu hernámi en efniviðurinn notaður í byggingar í hreppnum eins og Félagsgarði.